

Ed.

631. Nefndarálit

[151. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað þetta frv., en ekki orðið sammála. Við teljum, að gera þurfi á því breytingar, og flytjum við um það tillögur á sérstöku þskj.

Við teljum, að þau ákvæði, sem eru í lögnum um Framkvæmdabankann, um stjórnarfund og rétt einstakra stjórnarmanna til að krefjast þeirra, eigi að gilda um Framkvæmdasjóðinn og takast upp í þetta frv. Lýtur fyrsta brtt. okkar að þessu.

Enn fremur teljum við, að nauðsynlegt sé að tryggja betur samstarf áætlunarstofnunar og Alþingis, og leggjum því til í þriðju brtt. okkar, að stjórn Efnahagsstofnunarinnar verði þingkjörin.

Fyrr á þessu þingi höfum við ásamt öðrum flokksbræðrum okkar í Ed. flutt frv. um stofnun framleiðnilánadeildar við Framkvæmdabankann. Frv. þetta hefur enn ekki fengið afgreitt úr fjárhagsnefnd. En þar sem það frv., sem hér liggur

fyrir, gerir ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður komi í stað Framkvæmdabankans, hefur okkur þótt eðlilegt að flytja efni frv. okkar sem breytingartill. við þetta frv. 2. tölul. brtt. okkar felur þetta í sér. Fjárhagsnefnd sendi frv. okkar til umsagnar nokkurra aðila, og hafa svör borizt frá Búnaðarfélagi Íslands og Iðnaðarmálastofnun Íslands. Eru þau prentuð sem fskj. með nál. þessu, en báðar þessar stofnanir mæla með samþykkt frv.

Við teljum efni frv. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð til bóta. Eðlilegt er að setja starfsemi Efnahagsstofnunarinnar lagagrundvöll, og sú tilraun til að skapa nýjan vettvang fyrir skoðanamótun í efnahagsmálum, sem fólgin er í ákvæðunum um Hagráð, er þess virði, að hún sé gerð.

Mælum við því með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem við leggjum til.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Helgi Bergs, Karl Kristjánsson.
frsm.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 13. apríl 1966.

Með bréfi, dags. 25. marz 1966, sendi fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar frv. til laga um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands þann 12. apríl 1966 var erindi þetta tekið fyrir og gerð um það eftirfarandi bókun:

„Lagt fram, frá fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis, frv. til laga um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands. Óskar nefndin umsagnar Bf. Ísl. um frumvarpið.

Stjórn Bf. Ísl. mælir eindregið með samþykkt frumvarps þessa og leggur áherzlu á, að eflid sé lánastarfsemi landbúnaðarins og annarrar framleiðslustarfsemi.“

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis,
Rvík.

Fylgiskjal II.

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS

Fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

14. apríl 1966.

Frumvarp til laga um framleiðnilánadeild.

Með bréfi, dags. 25. marz s. l., óskar háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands um ofangreint frumvarp.

Á síðustu árum hefur verið að skapast vaxandi skilningur með landsmönnum á því, hvert gildi það hefur fyrir afkomu einstakra fyrirtækja, atvinnugreina og þjóðarbúsins í heild að nýta betur vinnu- og fjármagnspættina í allri atvinnustarfsemi. Á þetta reyndar einnig við um hráefni og orku. Á grundvelli kerfis-

bundinna hagræðingaraðgerða hefur víða náðst markverður árangur í aukningu framleiðni, enda þótt tölulegar upplýsingar um hann séu enn af skornum skammti.

Enda þótt víða megi til muna bæta vinnubrögð og starfsskipulag í atvinnurekstri án verulegra fjárútláta, ef áhugi og skilningur stjórnenda er fyrir hendi, mun víðast hvar verða að kosta nokkru til og sums staðar talsverðu fé, eftir því, að hversu róttækum breytingum er stefnt.

Á því getur vart leikið vafi, að lánastarfsemi, sem hefði þann tilgang að auðvelda stjórnendum hagræðingaraðgerðir í fyrirtækjum sínum, mundi bera árangur. Óbeinu áhrifin, sem fólgin væru í hvatningu til stjórnenda um að bæta rekstur sinn, yrðu þar án efa þung á metunum.

Að þessu athuguðu virðist æskilegt, að stofnað sé til lánastarfsemi í anda ofangreinds frumvarps.

Með sérstakri virðingu,
Iðnaðarmálastofnun Íslands
Sveinn Björnsson, frkvstj.